



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 13. desember 2012

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 13. nóvember 2012, breytingar á reglugerðum KSÍ.

Staðalsamningur KSÍ

Gerðar eru breytingar á staðalsamningi KSÍ í samræmi við samkomulag UEFA og félagsliða í Evrópu um lágmarksskilyrði leikmannasamninga sem kynnt var á síðasta ársþingi UEFA. Efnislega er ekki um miklar breytingar að ræða en helstar eru þær þessar:

Ákvæði um þátttöku leikmanna í veðmálastarfsemi

Ákvæði um lyfjanotkun leikmanna

Ákvæði um skuldbindingu beggja aðila samnings um að vinna gegn kynþáttamisrétti og hvers konar annarri mismunun

Skýrari ákvæði um launakjör og greiðslur

Nýtt samningsform er meðfylgjandi og koma breytingar fram með rauðu lettri.

Samningsformið tekur gildi þann 1. janúar 2013 og allir samningar sem gerðir eru eftir þann tíma skulu gerðir á nýju samningsformi.

Íslensk og ensk útgáfa samnings kemur inná heimasíðu KSÍ innan skamms.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Gerð er orðalagsbreyting í grein 23.4 til samræmis við breytingu er gerð á staðalsamningi KSÍ.

Grein 23.4 var:

23.4. Úrskurðir og ákvarðanir samninga- og félagaskiptanefndar er ávallt endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda málsaðilar sig til að skjóta ágreiningi sem úrskurðað hefur verið af samninga- og félagaskiptanefndar ekki til almennra dómstóla.

Grein 23.4 verður:

23.4. Úrskurðir og ákvarðanir samninga- og félagaskiptanefndar er ávallt endanlegir og bindandi fyrir málsaðila og verður ekki áfrýjað eða skotið til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. *Jafnframt skuldbinda málsaðilar sig til að skjóta ágreiningi sem nefndin hefur úrskurða í ekki til almennra dómstóla.*

Reglugerðir um deildarbikarkeppni karla og kvenna

Samþykktar voru nýjar reglugerðir fyrir deildarbikarkeppni karla og kvenna og eru þær reglugerðir meðfylgjandi ásamt fyrirmælum um framkvæmd leikja.

Fyrirkomulag keppinnar er með sama sniði og áður en sérstök athygli er vakin á nokkrum breytingum er gerðar hafa verið á reglugerðum um deildarbikarkeppnina:

Mótanefnd er nú heimild að setja ríkari skyldur á félög varðandi framkvæmd leikja í A-deild karla

Félög sem leika í A-deild karla ber að hafa sérstakan umsjónarmann á leikstað sem ber ábyrgð á framkvæmd viðkomandi leiks. Nafn viðkomandi þarf að tilkynna mótanefnd KSÍ fyrir 15. janúar ár hvert.

Heimilt er að selja inn á leiki í A-deild og skulu tekjur af miðasölu skiptast jafnt á milli leikaðila

Reglugerðirnar taka gildi nú þegar og gilda fyrir komandi keppni í Lengjubikarnum.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 5 manna liðum

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Samþykkt var ný reglugerð um knattspyrnu í 5 manna liðum og breytingar á ákvæðum 29. greinar og 37. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (Polla – og hnátumót).

Reglugerð um 5 manna bolta

Ný reglugerð um keppni í 5-manna liðum. Reglugerðin byggir að mestu leiti á reglugerð KSÍ um keppni í 7-manna liðum. Sett eru inn viðmiðunarsærðir á leikvöllum í öllum aldursflokkum þó KSÍ standi einungis fyrir keppni í 5-manna liðum í 6. aldursflokki

Reglugerð um 6. flokk

Ákveðið hefur verið að Polla- og Hnátumót KSÍ (6. flokkur) verði leikin í 5-manna liðum í stað 7-mannaliða áður. Mótafyrirkomulag í Hnátumótinu verður það sama og áður en í Pollamótinu verður leikið í þremur svæðakeppnum í stað tveggja áður.

Breytingarnar taka gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ